

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 729/2020, um línuívilnun.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuívilnun í þorski takmarkast við 1.246 tonn, 700 tonn af ýsu, 250 tonn af steinbít, 15 tonn af gullkarfa, 14 tonn af keilu og 50 tonn af löngu, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðisársins:

Tímabil	Þorskur	Ýsa	Steinbítur	Gullkarfi	Keila	Langa
1. september - nóvember	384	255	12	4	7	21
2. desember - 11. febrúar	355	224	38	2	2	9
3. 12. febrúar - maí	507	130	152	5	2	13
4. júní - ágúst	0	92	49	5	3	7
Samtals:	1.246	700	250	15	14	50

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. apríl 2021.

Kristján Þór Júlíusson

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.